



Fundagerð 237.fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudaginn 13. febrúar 2019 kl. 16.15 kom stjórn Hafnasamlags Norðurlands bs saman til fundar á skrifstofu Hafnasamlags Norðurlands við Fiskitanga, Akureyri.

Fundinn sátu: Þorsteinn Hlynur Jónsson formaður, Jóhannes Gunnar Bjarnason varaformaður, Axel Grettisson ritari, Eva Hrund Einarsdóttir, Ólína Freysteinsdóttir, Ólafur R. Ólafsson og Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir. Einnig sat fundinn Þröstur Friðfinnsson áheyrnarfulltrúi.

Að auki sat fundinn: Pétur Ólafsson hafnarstjóri.

Fundagerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

1. Fundagerð síðasta fundar.

Lögð fram til staðfestingar fundagerð 236. fundar frá 23. janúar s.l. *Fundagerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.*

2. Framkvæmdir, hafnahús, vakthús og Tangabryggja.

Á síðasta fundi var óskað eftir nýrri útfærslu á stækkun hafnahúss. Kynnt var ný útfærsla sem gerir ráð fyrir meiri stækkun en sú sem kynnt var á síðasta fundi. Sú stækkun gengur út á að hafnahúsið verði stækkað um 71,5 fm. Hafnarstjórn samþykkir framlagða tillögu og felur hafnarstjóra að undirbúa útboðsgögn með það að leiðarljósi að því að stækkunin verði framkvæmd veturinn 2019-2020. Umræður voru um aðrar framkvæmdir og stöðu mála á þeim.

3. Þjónusta við hafnir Norðurlands.

Að beiðni forráðamanna Norðurlands og hafna Norðurlands hefur það verið rætt undanfarið misseri að Hafnasamlag Norðurlands aðstoði við hafnarþjónustu á Húsavík að einhverju leiti og þá sérstaklega nú þegar stóriðjan á Bakka hefur opnað og nýr dráttarbátur hefur verið tekin í notkun hjá HN. Kynnt drög að samkomulagi milli hafnanna. Stjórn HN gerir ekki athugasemdir við samkomulagið og felur hafnarstjóra að vinna áfram að málinu.

4. Stofnsamþykktir HN.

Formaður kynnti drög af breytingum á stofnsamþykktum HN þar sem þær hafa verið færðar til nútímans. Samþykkt að senda þær til umfjöllunar hjá öllum eigendum HN með það að markmiði að samþykkja þær á aðalfundi HN í maí nk.

5. Tölulegar staðreyndir.

Hafnarstjóri kynnti tölulegar staðreyndir fyrir árið 2018.



6. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundi var slitið kl. 17:40

Þorsteinn Hlynur Jónsson formaður

Jóhannes Gunnar Bjarnason varaformaður

Axel Grettisson ritari

Eva Hrund Einarsdóttir

Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir

Ólína Freysteinsdóttir

Ólafur R. Ólafsson

Pétur Ólafsson hafnarstjóri
